

Icelandic A: literature – Standard level – Paper 2
Islandais A : littérature – Niveau moyen – Épreuve 2
Islandés A: literatura – Nivel medio – Prueba 2

Tuesday 1 May 2018 (morning)

Mardi 1 mai 2018 (matin)

Martes 1 de mayo de 2018 (mañana)

1 hour 30 minutes / 1 heure 30 minutes / 1 hora 30 minutos

Instructions to candidates

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Answer one essay question only. You must base your answer on at least two of the part 3 works you have studied and compare and contrast these works in response to the question. Answers which are not based on a discussion of at least two part 3 works will not score high marks.
- You are not permitted to bring copies of the works you have studied into the examination room.
- The maximum mark for this examination paper is **[25 marks]**.

Instructions destinées aux candidats

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Traitez un seul sujet de composition. En basant votre réponse sur au moins deux des œuvres de la troisième partie que vous avez étudiées, vous devez comparer et opposer ces œuvres dans le cadre du sujet. Les réponses qui ne sont pas basées sur au moins deux des œuvres de la troisième partie n'obtiendront pas une note élevée.
- Vous n'êtes pas autorisé(e) à apporter des exemplaires des œuvres que vous avez étudiées dans la salle d'examen.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est de **[25 points]**.

Instrucciones para los alumnos

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Conteste una sola pregunta de redacción. Base su respuesta en al menos dos de las obras estudiadas de la parte 3, comparándolas y contrastándolas en relación con la pregunta. Las respuestas que no se basen en al menos dos obras de la parte 3 no recibirán una puntuación alta.
- No está permitido traer copias de las obras estudiadas a la sala de examen.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es **[25 puntos]**.

Svaraðu aðeins **einni** spurningu. Svar þitt verður að byggja á að minnsta kosti tveimur verkum sem þú hefur unnið með úr hluta 3 og **bera** þau verk **saman** með vísan til spurningarinnar. Svör sem eru **ekki** byggð á umfjöllun um **a.m.k. tvö** verk úr hluta 3 munu **ekki** hljóta háa einkunn.

Skáldsögur

1. Berðu saman hvernig notkun höfundar á sjónarhorni í a.m.k. tveimur skáldsögum sem þú hefur unnið með hefur haft áhrif á skilning þinn eða túlkun á verkunum.
2. Berðu saman hvernig a.m.k. tveir þeirra höfunda sem þú hefur unnið með nota byggingu verka sinna til að skapa spennu og/eða átök.
3. Höfundar þurfa að velja hvort þeir hafi aðeins einn afmarkaðan söguþráð eða einnig eina eða fleiri hliðarsögur í verkum sínum. Berðu saman ákvarðanir a.m.k. tveggja þeirra höfunda sem þú hefur unnið með varðandi þetta atriði og áhrif þeirra.

Ljóð

4. „Jafnvel ljóð sem nota einföld orð geta snert hjarta lesandans.“ Ræddu sannleiksgildi þessarar fullyrðingar með því að vísa í verk a.m.k. tveggja þeirra ljóðskálda sem þú hefur unnið með.
5. Berðu saman hvernig a.m.k. tvö þeirra ljóðskálda sem þú hefur unnið með hafa nýtt sér frásagnarlega þætti í ljóðum sínum og hvaða áhrif það hefur.
6. Ljóðlist reynir að sýna hversdagslega reynslu á nýjan og óvæntan hátt. Berðu saman og ræddu hvernig þetta er gert í verkum a.m.k. tveggja ljóðskálda sem þú hefur unnið með.

Smásögur

7. Sumar smásögur hafa skýran söguþráð en aðrar ekki. Berðu saman og ræddu hvernig a.m.k. tveir smásagnahöfundar sem þú hefur unnið með nota söguþráð og hvaða áhrif það hefur.
8. Fjallaðu um hvernig a.m.k. tveir smásagnahöfundar sem þú hefur unnið með draga upp mynd af persónuleika persónanna með því að sýna innri baráttu þeirra.
9. Smásögur hefjast oft snögglega. Berðu saman upphaf smásagna eftir a.m.k. tvo þeirra smásagnahöfunda sem þú hefur unnið með og ræddu áhrif þeirra á lesandann.

Leikrit

10. Algengt er að persónur í leikritum „brjóti fjórða vegginn“ og tali beint til áhorfenda. Berðu saman þær aðferðir sem notaðar eru til að gera þetta og þau áhrif sem það hefur í a.m.k. tveimur þeirra leikrita sem þú hefur unnið með.
11. „Markmið leikrita er ekki bara að skemmta áhorfendum heldur eiga þau líka að sannfæra og hreyfa við þeim.“ Berðu saman og greindu aðferðir sem a.m.k. tvö þeirra leikskálda sem þú hefur unnið með nota til að skemmta, sannfæra og hreyfa við áhorfendum.
12. Í leikritum reynast stundum atvik sem virðast í fyrstu smávægileg vera mjög mikilvæg fyrir framvindu verksins. Með því að vísa í leikrit a.m.k. tveggja leikskálda sem þú hefur unnið með, taktu dæmi um slík atvik og ræddu mikilvægi þeirra og áhrif á leikritið í heild.

Íslendingasögur

13. Ræddu áhrif aukapersóna sem tilheyra jaðarhópum samfélagsins (t.d. þrælur, ambáttir, sjúkir eða fátækir) á skilning og túlkun lesandans í a.m.k. tveimur Íslendingasögum sem þú hefur unnið með.
 14. Berðu saman hvernig höfundar vinna með hugmyndir þjóðveldisaldar um hetjur og hetjuskap í a.m.k. tveimur Íslendingasögum sem þú hefur unnið með og áhrif þess á upplifun lesanda af verkinu í heild.
 15. Margar Íslendingasögur hafa ekki skýrt ris heldur eru nokkrir mikilvægir atburðir sem rökstyðja má að séu hápunktur sögunnar. Taktu dæmi um þess háttar atburði í a.m.k. tveimur Íslendingasögum sem þú hefur unnið með þar sem þetta á við og færðu rök fyrir af hverju þú telur þá vera ris sagnanna og hvaða áhrif það hefur á túlkun verkanna í heild.
-